



„**Peir sem stela fara í fangelsi**”

Umfjöllun um börn og aðstandendur afbrotamanna

Helga Þórey Rúnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Útdráttur

Meginmarkmið verkefnis þessa er að varpa ljósi á þann samfélagshóp sem aðstandendur og þá sér í lagi börn fanga er. Skoðaðar eru erlendar heimildir um fanga og börn þeirra, hvers konar úrræði eru til erlendis fyrir foreldra í fangelsi og hvernig þeir geta umgengist börn sín. Barnalögin eru skoðuð með börn fanga í huga og einnig er farið yfir heimsóknaraðstæður hér á landi. Viðtöl eru tekin við tvo leikskólakennara, sem hafa reynslu af því að starfa með börnum sem eru aðstandendur fanga, og móður, sem á barnsfeður sem hafa afplánað dóm. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að fá úrræði eru til hér á landi fyrir aðstandendur fanga þegar litið er til heimsóknaraðstöðu þeirra, sérstakan stuðning fyrir aðstandendur eða samtök fyrir aðstandendur. Viðtölin sem tekin voru sýndu að halda þarf vel utan um þau börn, sem eiga erfiðara en önnur vegna fangelsisvistunar foreldris, og tryggja að bæði börn og hitt foreldrið finni fyrir því að traust sé til staðar á leikskólum. Velferð barnsins skal þar ætíð höfð í fyrirrúmi og það ættu foreldrar að finna á viðmóti starfsfólks leikskóla.

Þakkarorð

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Guðrúnu Kristinsdóttir, fyrir að aðstoða mig með góðum og gagnlegum athugasemdum við vinnslu ritgerðarinnar. Sérstaklega vil ég þakka henni fyrir að benda mér á ýmsar erlendar heimildir sem nýttust mér vel. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir stuðning og föður mínum, Rúnari Eiríkssyni, fyrir að vera mér innan handar í tengslum við umræðu um fangelsismál. Sömu leiðis kann ég þeim sem sáu sér fært að veita mér viðtal mínar bestu þakkir. Að lokum vil ég þakka Þórhildi Ósk Hagalín fyrir yfirlestur.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Þakkarorð.....	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
Hver er bakgrunnur þess að skrifa þarf um efnið?.....	8
Lög og reglugerðir	8
Lög um leikskóla og Aðalnámskrá.....	9
Rannsóknir um aðskilnað barna við foreldri.....	11
Heimsóknir í fangelsi	14
Heimsóknaraðstaða að Litla-Hrauni	15
Móðir eða faðir í fangelsi?.....	16
Reynsla leikskólakennara af vinnu með börnum fanga.....	17
Aðferð	17
Viðmælendur.....	18
Öflun og greining gagna	19
Niðurstöður	20
Viðtal við B, starfsmann með barn fanga.....	21
Viðtal við A, starfsmann með aðstandanda fanga.....	22
Samantekt viðtalanna	23
Vangaveltur frá móður	24
Umræða og samantekt.....	25
Lokaorð	28
Heimildaskrá.....	29
Viðauki 1	31
Viðauki 2.....	32

Inngangur

Fjölskyldumynstur í dag eru mjög breytileg og eru fjölskyldur eins misjafnar og þær eru margar. Fjölskyldugerðir eru nú fjölbreyttari en áður og þykir eðlilegt að börn búi hjá aðeins öðru foreldri, ömmum og öfum, stjúforeldrum og svo mætti lengi telja. Aðskilnaður barna við foreldra er í mörgum myndum og er algengasta form hans hér á landi að foreldrar barna skilji og barnið tapi þaðan af tengslum við annað foreldri. Fósturbörn, börn á sjúkrahúsum og börn fanga eru einnig dæmi um börn, sem verða fyrir aðskilnaði við foreldra. Í þessari ritgerð verður fjallað um síðastnefnda hópinn, börn fanga, og reynsla leikskólakennara af því að starfa með börnum fanga og börnum, sem eiga aðstandanda sem afplánar dóm, athuguð.

Höfundur hafði ritað niður hugmyndir að lokaverkefni í lok síðasta árs og varð niðurstaðan sú að öll umfjöllunarefnin sneru að minnihlutahópum. Hugmyndin að ritgerðarefninu kom síðan vegna tengingar höfundar við fangelsi annars vegar og leikskóla hins vegar. Foreldrar höfundar starfa á sitthvorum vettvangnum og er tengingin því utanaðkomandi, en næg til þess að vekja áhuga höfundar á þessum samfélagshópi. Upphaflega var ætlunin að skoða líðan afbrotamanna, sem eiga börn á leikskólaaldri, gagnvart börnum sínum. Sú hugmynd þróaðist hins vegar út í vangaveltur um aðstæður barna sem eiga foreldri/a í fangelsi. Er komið öðruvísi fram við þau börn eða þurfa þau á sérstökum stuðningi að halda?

Í ritgerðinni er leitað svara við því hvernig reynslu leikskólakennarar hafa af því að vinna með börnum fanga og hvernig styðja megi við bakið á börnum þegar þau upplifa aðskilnað við foreldri vegna fangelsisafplánunar þess. Þetta eru þær spurningar sem leitast er við að svara í verkefninu.

Í ritgerðinni er reynt að einblína á það hvað sé hægt að gera fyrir þau börn, sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda vegna uppeldisaðstæðna, og kynnast reynslu leikskólakennara af því að starfa með börnum fanga. Í því

skyni voru lesnar fræðilegar heimildir um efnið og rætt við tvo leikskólakennara, sem hafa reynslu af vinnu með börnum sem aðstandendum fanga, og einnig er stutt viðtal við móður, sem hefur reynslu af því að eiga barnsfeður sem setið hafa af sér dóm.

Fjallað er um ástæðurnar fyrir því að skrifa þarf um efnið og í framhaldi þess eru ákvæði íslenskra barna- og leikskólalaga, um börn sem standa höllum fæti og hvernig megji aðstoða þau, athuguð. Einnig er litið til Aðalnámskrár leikskóla um sérþarfir barna.

Í kjölfarið er fjallað um erlendar rannsóknir á börnum sem eiga foreldri/a í fangelsi og hvaða úrræði hafa verið notuð erlendis. Notast er við heimildir frá Bandaríkjunum en einnig er litið til Norðurlandanna.

Þar á eftir er kynnt hvaða reglugerðir eru til um heimsóknir í fangelsi og farið yfir það hvernig heimsóknum er háttað á fangelsinu Litla-Hrauni. Af fangelsunum sex, sem eru starfandi á Íslandi, er einungis fjallað um Litla-Hraun. Það var ákveðið með það í huga að þar eru flestir fangar auk þess sem það er eina fangelsið sem hefur til umráða sér húsnæði ætlað heimsóknum og hefur verið útbúið sérstakt fjölskylduherbergi þar. Því næst koma fram ofangreind viðtöl við leikskólakennara, sem hafa reynslu af því að vinna með börnum fanga annars vegar og barni sem er aðstandandi fanga hins vegar. Viðmælendur eru þrír. Það eru A, leikskólakennari sem hefur reynslu af því að starfa með barni sem er aðstandandi fanga, B, leikskólakennari sem hefur reynslu af því að starfa með barni fanga og C, móðir sem á barnsfeður sem hafa setið í fangelsi. Þar á undan er fjallað um aðferðafræðina sem notuð var við gerð viðtalanna og viðmælendur kynntir. Að lokum er umræða og samantekt um niðurstöður viðtalanna þar sem sjá má að viðmót starfsfólks gagnvart foreldrum sérstaklega, hefur mikið að segja þegar þau koma með og/eða sækja barn/börn sín í leikskólann.

Hver er bakgrunnur þess að skrifa þarf um efnið?

Aðstandendur fanga er samfélagshópur sem oft virðist gleymast í dagsins amstri þar sem mestur tími fer í afbrotamennina sjálfa og hvaða úrræði henta hverjum og einum. Þó er það svo að aðstandendur afbrotamannanna eiga af skiljanlegum ástæðum oft erfitt fyrir og því vaknaði sú spurning hjá höfundu hvort einhver sérstök úrræði væru til staðar fyrir aðstandendur fanga og þá einna helst börn fanga. Árið 2003 stofnuðu aðstandendur afbrotamanns, félagasamtökin Aðgát. Þeir höfðu búið í Svíþjóð og fannst mikil vöntun á samtökum sem þessum hér á landi, þar sem aðstandendur gætu komið saman, skipst á upplýsingum, deilt áhyggjum og skoðunum og fundið stuðning frá manneskjum í svipuðum aðstæðum (Aðgát, e.d.). Til að byrja með voru haldnir fundir vikulega, þar sem mikil þörf reyndist fyrir starfseminu hér á landi. Núna eru fundir hins vegar haldnir einu sinni í mánuði en oftast ef þörf þykir. Samtökin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir aðstandendur en það er ljóst að börn hafa lítið gagn af því að sækja fundi, þar sem þeir jafnvel sjá foreldra eða systkini í andlegu ójafnvægi. Aðgát er því gott úrræði fyrir fullorðna einstaklinga, sem eiga aðstandendur í fangelsi. Sömuleiðis njóta börnin góðs af því ef foreldrar ná að vinna úr sínum málum til þess að geta í framhaldinu hjálpað barninu.

Lög og reglugerðir

Hér á landi brýtur það í bága við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að meina barni að eiga samskipti við foreldri sitt en í honum segir: „Aðildarríki skulu virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess” (Samningur um réttindi barns, nr. 18/1992, 9. gr.).

Í V. kafla í Barnalögum segir m.a.: „Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt

nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmæltis stjórnvalds” (Barnalög, nr. 76, 2003, 28. gr.).

Það er því ljóst, samkvæmt bæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og Barnalögunum, að börn eiga fullan rétt á að umgangast báða foreldra sína. Eins og komið hefur fram þá er það hins vegar ekki skylda, ef það brýtur gegn hagsmunum barnsins.

Í Barnalögunum segir að veita skuli barni, sem hefur náð nægilegum þroska, kost á að tjá sig um ýmis mál nema að það geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins (Barnalög nr. 76/2003). Þetta snertir mál sem Shlafer (2010) bendir á þar sem rannsóknir sýna að umönnunaraðilar eiga til að stjórna því hvort börn umgangist foreldri sitt og verður nánar vikið að því síðar.

Lög um leikskóla og Aðalnámskrá

Aðalnámskrá leikskóla var fyrst gefin út árið 1999 og er enn unnið að endurútgáfu á námskránni. Með tilkomu Aðalnámskrár var leikskólastigið styrkt þar sem Aðalnámskrá er stefnumótandi fyrir uppeldisstörf í leikskólum og byggir á lögum um leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 5). Leikskólar skulu ávallt hafa velferð og hag barna að leiðarljósi í öllu starfi (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Meginmarkmið uppeldis og kennslu skulu meðal annars vera að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra, og hlúa að börnum andlega, líkamlega og vitsmunalega í samræmi við þarfir hvers og eins. Í lögum um leikskóla segir frá sérfræðiþjónustu innan leikskólans og skulu sveitarfélög reka sérfræðiþjónustu, sem lýtur að leikskólanum. Þjónustan skal vera annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Jafnframt segir í lögunum að þau börn, sem þurfa á sérstakri aðstoð og þjálfun að halda, eigi rétt á þjónustu sem slíkri innan leikskólans (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Börn þroskast á ólíkan hátt og hefur vitneskja í þjóðfélaginu um ýmsar gerðir þroskafrávika aukist og batnað undanfarin ár. Í Aðalnámskrá Leikskóla segir frá því að leikskólar skuli taka sérstakt tillit til barns, sem er fatlað eða á erfitt tilfinningalega og/eða félagslega, og ber leikskólum skylda til að veita þá aðstoð sem hægt er. Sömu leiðis kemur fram að öll börn hafi þörf fyrir að vinna sigur, hvort sem það er heilbriggt barn eða barn sem á við fötlun, hömlun eða veikindi að stríða og því skal styrkja sjálfsmynd barnsins. Leiðsögn og stuðningur skal taka mið af þörfum hvers og eins og vera í nánú samráði við foreldra (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 15).

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur ekki mótað sérstaka stefnu er lýtur að málum þeirra barna sem eiga foreldri/a í fangelsi en aftur á móti er hægt að sækja um sérstakan stuðning vegna félagslegra aðstæðna barna. Sálfræðingar þjónustumiðstöðvanna eru ráðgjafar leikskólanna og koma þannig að ýmsum málum líkt og aðskilnaði barna við foreldra. Fjallað er um aðskilnað barna við foreldri sem falla frá og aðskilnað við foreldri erlendis og einnig um hjónaskilnaði eða sambúðarslit foreldra. Í reglum við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg hefur úthlutunarkerfinu verið skipt niður í flokka eftir erfiðleikum. Um þriðja flokk segir „Börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar og tilfinningalegra erfiðleika. Frávik í mál- og vitsmunapróska og erfiðra félagslegra og tilfinningalegra aðstæðna.” (Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, 2008).

Eins og áður sagði geta börn, sem eiga erfitt vegna aðskilnaðar við foreldri, fallið undir þriðja flokk og því myndu börn fanga heyra undir hann ef til erfiðleika kæmi. Það væri því hlutverk leikskólans að veita barninu þá aðstoð sem barnið þyrfti á að halda. Samkvæmt annarri grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir: „Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða

fjölskyldumeðlima “ (Samningur um réttindi barnsins, nr. 18/1992). Úthlutunarreglur um stuðningstíma barna koma því til móts við Barnasáttmálann þrátt fyrir að sáttmálinn lýti ekki beint til leikskólanna. Þau börn sem fá úthlutað stuðningstímum fara í gegnum ferli sem er í fimm liðum. Fyrst þarf að senda beiðnablað á viðkomandi þjónustumiðstöð, þar sem sérfræðiþjónusta leikskóla tekur á móti beiðninni um athugun á þroska. Þegar greiningarniðurstöður liggja fyrir, og ef þær benda til þroskafrávika, er sótt um úthlutun sérkennslutíma. Því næst fer þriggja manna úthlutunarteymi yfir greiningarniðurstöður og úthlutar tímum ef við á. Aðstæður barna hafa einnig áhrif á greiningu og er þá litið til hjálpartækjabarfar, boðskiptabarfar, daglegar umönnunarþarfar og félagslegra aðstæðna. Í kjölfarið sendir ábyrgðarmaður úthlutunar, út tilkynningu um niðurstöður og að lokum er fjármagni vegna stuðningstíma úthlutað (Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, 2008).

Fram hefur komið að aðstandendur fanga er samfélagshópur sem lítið ber á og hefur verið lítið um úrræði eða stuðningssamtök hér á landi. Erlendis hefur verið skrifað meira um efnið og er það umfjöllunarefni næsta kafla.

Rannsóknir um aðskilnað barna við foreldri

Árið 2008 áttu yfir 1,7 milljón barna í Bandaríkjunum foreldri/a í fangelsi og hefur hlutfallið sífellt hækkað síðan árið 2000. Af þessum 1,7 milljónum er fjórðungur barnanna undir fjögurra ára aldri (Cassidy, 2010, bls. 285). Margar rannsóknir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum um tengsl milli barna og foreldra í fangelsi og mismunandi aðstæður skoðaðar með. Schlafer og Poehlmann hófu árið 2008 rannsókn á börnum, sem áttu foreldri/a í fangelsi, og tengslum þeirra við fangelsaða foreldrið annars vegar og forsjáraðila hins vegar. Fimmtíu og sjö börn eða fjölskyldur tóku þátt og voru börnin á aldrinum fjögurra til fimmtán ára. Rætt var við börnin á mánaðarfresti í sex mánuði til að byrja með og fækkaði í hópnum með hverjum mánuði. Rannsóknin leiddi í ljós að meirihluti barnanna leit á þann

aðila sem hafði forræði sem sinn uppeldisaðila og voru flest börnin í litlum samskiptum við fangelsaða foreldrið. Hins vegar kom það ekki alltaf í hlut barnanna að ráða samskiptum sínum við foreldrið en Schlafer bendir á að umönnunaraðilar stjórna gjarnan samskiptum barnanna við fangelsaða foreldrið og þá sérstaklega þegar börnin eru ung (Schlafer og Poehlmann, 2010, bls. 397).

Shlafer segir einnig í rannsókn sinni að þó svo margir umönnunaraðilanna vildu að barnið væri í samskiptum við fangelsaða foreldri sitt óttuðust þeir að samskiptin gætu haft skaðleg áhrif á barnið (Schlafer og Poehlmann, 2010, bls. 406).

Dæmi eru um að í fangelsum sé svokallað umönnunarheimili, þar sem mæður fá að vera með börnin sín. Bedford Hills fangelsið í New York hefur lengst af rekið þess háttar fangelsi og býður upp á fjölskylduvænt fangelsi. Þar hefur verið boðið upp á að mæður fari með börnum sínum í sumarþúðir (Bretherton, 2010, bls. 426).

Else Christensen (1999) segir frá því hvernig börn vildu sjá heimsóknaraðstöðu í fangelsum. Þeim þótti ekki áhugavert að setjast inn í herbergi og tala við foreldri sitt, þó svo þeim þætti gott að sjá að það væri heilt á húfi. Christensen bendir á að væri hægt að leika sér utandyra, spila eða bjóða upp á aðra afþreyingu, sem bæði foreldri og barn hefðu gaman af, væri strax meiri áhugi fyrir því að heimsækja foreldrið. Börnin töluðu um að fjölskyldan myndi njóta sín betur, ef þau hefðu möguleika til afþreyingar og gætu eytt heilum degi saman, leikið sér og borðað saman (Christensen, 1999, bls. 67).

Það virðist vera gegnumgangandi í mörgum erlendum rannsóknum að rannsakað sé hversu líklegt það er að börn fanga lendi í erfiðum aðstæðum á lífsleiðinni, líkt og einelti, þunglyndi, félagslegum erfiðleikum eða leiðist út í afbrot og fíkniefnaneyslu á unglingsárunum. Þannig bendir Schlafer á rannsókn Murray og Farrington frá 2005, þar sem kemur fram að drengir, sem voru aðskildir frá foreldrum sínum fyrir tíu ára aldur vegna

fangelsisvistunar, voru líklegri til þess að sýna sálræn vandamál og andfélagslega hegðun á unglings- og fullorðinsárum en drengir, sem höfðu þurft að skilja við foreldra sína af öðrum ástæðum (Shlafer og Poehlmann, 2010, bls. 396-397).

Bretherton bendir aftur á móti á rannsókn Murray og Murray frá 2010, sem sýndi að það gæti undir vissum kringumstæðum haft góð áhrif á öryggi og geðheilsu barna að eiga foreldri í fangelsi, þar sem börnin voru hrædd við foreldrið, og olli það þeim hugarró að vita af foreldrinu í fangelsi (Bretherton, 2010, bls. 423). Rannsóknin byggir á viðtölum við börn, sem áttu foreldra í fangelsi, og umönnunaraðila þeirra. Bæði hluti barnanna og umönnunaraðila svöruðu að þeir kysu fremur að hafa engin samskipti og umönnunaraðilar svöruðu að þeir vildu vernda barnið frá foreldrinu. Gera má ráð fyrir að í þeim tilvikum hafi hagur barnsins verið hafður í fyrirrími. Hins vegar er tekið fram að ágreiningur milli foreldris og umönnunaraðila geti einnig haft mikil áhrif á það að umönnunaraðili hindraði samskipti.

Í þessu sambandi má benda á að algengt er að bæði og börn og fullorðnir leiti uppruna síns ef blóðforeldri er ekki inni í lífi fólks og því getur verið slæmt að hindra það að börn fái vitneskju um foreldra sína, hvort sem þau afplána dóm eða annað. Í grein Guðrúnar Kristinsdóttur, Athugun á afdrifum fósturbarna, röktu nokkrir þátttakendur/viðmælendur námserfiðleika sína til bakgrunns síns og voru dæmi um að fósturforeldrar efuðust um þá skýringu. Það kom í ljós að börnin söknuðu mjög útskýringa á ástæðu fóstursins og er eflaust eins hjá flestum börnum, sem ekki hafa vitneskju um uppruna sinn (Guðrún Kristinsdóttir, 2005, bls 31). Á sama hátt má gera ráð fyrir að þau börn, sem hafa ekki vitneskju um að foreldri þess afpláni dóm, sakni útskýringa á því hvar það sé statt. Þó svo að það sé undir hverjum og einum forráðamanni komið, hvernig þeir kjósa að segja börnum frá uppruna sínum, má draga af þessu þá ályktun að best sé að útskýra og ræða við þau börn, sem eiga foreldri í fangelsi, um bakgrunn og ástæður fangelsisvistunar. Þó þarf að taka tillit til þroska og aldurs barns.

Marlene Grøftehaug segir sögu nokkurra ungmenna, sem voru aðskilin frá foreldrum sínum vegna fangelsisvistunar foreldris og vissu ekki um afdrif þess. Það var sameiginlegt með öllum ungmennunum hversu óþægilegt þeim þótti að vita ekki hvar foreldri þeirra var statt og hversu ósátt þau voru við það að fjölskyldumeðlimir vissu um afdrif foreldris en sögðu þeim ekki frá því. Í bókinni segir einnig frá viðtali við Jann Sjursen, stjórn málafræðing, en hann segist vilja að fangar í Danmörku eigi þess kost að fara heim til sín þriðju hverju viku. Honum finnst mikilvægt að foreldrar séu til staðar á afmælum barna sinna, við skólabyrjun og fleiri mikilvæga atburði í lífi barnanna (Grøftehaug, 2004, bls. 76).

Rosi Enroos hefur skrifað grein um hvernig viðhalda má fjölskyldutengslum þrátt fyrir aðskilnað vegna fangelsisvistunar. Í greininni koma fram sjónarmið kvenna sem setið hafa í fangelsi og hvernig þær kusu að viðhalda tengslum við börnin sín. Misjafnt var hvers konar form heimsóknar var hægt að fá en til dæmis var í boði heimsókn sem fór þannig fram að allir heimsóknargestir voru í sama herbergi og nefndi ein móðirin að henni þætti það verra. Hún taldi það ekki gott fyrir börnin sín að heimsækja sig undir þeim kringumstæðum. Hún kaus frekar að nota svokallaðar fjölskylduheimsóknir þar sem fjölskyldan fékk sérherbergi og í sumum fangelsum var boðið uppá næturgistingu fyrir fjölskyldu fangans (Enroos, 2010, bls. 18). Í greininni er einnig fjallað um að þegar dómar eru kveðnir í Finnlandi er tillit tekið til fjölskyldutengsla fangans. Til að mynda hefur í sumum fangelsum í Finnlandi verið opnaðir sérstakir gangar fyrir mæður með ungabörn og ófrískar mæður. Að lokum kemur Enroos að því að hafi stofnanir líkt og fangelsin vitneskju um fjölskyldu fangans, geti þær frekar stuðlað að því að viðhalda fjölskyldutengslum (Enroos, 2010, bls. 20).

Heimsóknir í fangelsi

Til að fá að heimsækja fanga hér á landi þarf fanginn sjálfur að sækja um heimsóknarleyfi og -tíma á þar til gerðu eyðublaði og skulu börn yngri en

átján ára ávallt vera í fylgd foreldris eða forráðamanns (Fangelsismálastofnun, 2011).

Í 33. grein laga um fullnustu refsingar segir, að fangi geti fengið heimsóknir í fangelsi eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.

Í 34. grein laganna segir, að sé heimsóknaraðstaða til staðar skuli fangi taka á móti heimsóknum þar en í klefa sínum sé hún ekki til staðar (Lög um fullnustu refsinga, nr. 49/2005).

Jafnframt segir: „Forstöðumanni fangelsisins ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsisins vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila (Fangelsismálastofnun, 2011).

Fangelsi Íslands eru sex talsins en það eru Litla-Hraun, Hegningarhúsið, Kópavogsfangelsi, Kvíabryggja, Bitra og Fangelsið á Akureyri. Í öllum fangelsunum er gert ráð fyrir að fangar fái heimsóknir en misjafnt er eftir fangelsum hvort boðið sé uppá sérstaka heimsóknaraðstöðu eða hvort heimsóknirnar fari fram á klefum fanganna. Aðstaðan í Kópavogsfangelsi hefur verið bætt og er notalegt og gott andrúmsloft þar að sögn Brynju Rósar Bjarnadóttur, fangavarðar (Brynja Rós Bjarnadóttir, 2007, bls. 10-11). Brynja segir frá því hvernig heimsóknaraðstaðan á Litla-Hrauni og í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg sé en nefnir ekki önnur fangelsi. Hún segir einnig að bæta þurfi heimsóknaraðstöðu á Litla-Hrauni og í Hegningarhúsinu til muna. Litla-Hraun er eina fangelsið, sem hefur sér húsnaði ætlað heimsóknum, og verður aðstaðan rakin hér á eftir.

Heimsóknaraðstaða að Litla-Hrauni

Fangelsið að Litla-Hrauni var stofnað 8. mars árið 1929 og er það gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi. Starfsemin fer fram í níu byggingum sem nefnast Hús 1, Hús 2 o.s.frv. Í Húsi 2 er heimsóknardeild með tólf

herbergjum og þar af einu herbergi sem er svonefnt fjölskylduherbergi (Fangelsismálastofnun, e.d). Á árinu 2010 lagði Barnavinafélagið Sumargjöf til eina og hálf milljón, sem ætluð var til kaupa á útileiktækjum við fangelsið að Litla-Hrauni og fangelsið Bitru. Þar sem aðstæður bjóða ekki upp á það að vera með útileiktæki á Litla-Hrauni var hluta fésins varið í dvd tæki, sjónvarp, húsgögn og leikföng til þess að setja upp í fjölskylduherberginu (Rúnar Eiríksson munnleg heimild, 26. mars 2011). Gert er ráð fyrir að hver fangi geti fengið heimsókn að jafnaði í hverri viku en þar sem ekki allir fangar nýta sér heimsóknartímana, eiga aðrir fangar kost á því að fá heimsóknir oft en einu sinni í viku. Það kemur ekki oft fyrir að þörf sé á fleiri en einu fjölskylduherbergi en ef svo vill til að tvær fjölskyldur séu í heimsókn á sama tíma hafa heimsóknir farið fram í gestahúsnæði í nálægum bæjarfélögum, sem leigt er hverju sinni (Rúnar Eiríksson munnleg heimild, 26. mars 2011).

Móðir eða faðir í fangelsi?

Í rannsókn Shlafer, sem gerð var í Bandaríkjunum, kom fram að í 86% tilvika voru það feður, sem voru fangelsaðir, en í 7% tilvika mæður. Í 7% tilvika voru svo báðir aðilar í fangelsi (Shlafer og Poehlmann, 2010, bls. 398). Þann 26. mars 2011 voru hundrað sextíu og fimm fangar vistaðir í fangelsum á Íslandi og þar af voru tólf konur eða um 7,3 %. Þrátt fyrir að 7,3 % sé hlutfallslega lítið er fjöldi kvenna í fangelsi í sögulegu hámarki. Af þeim tólf konum sem afplána dóm eru átta sem eiga börn og því 66,6% þeirra mæður (Rúnar Eiríksson munnleg heimild, 26. mars 2011). Þessi staðreynd samræmist því rannsókn Shlafer að því leyti að fleiri börn eiga föður í fangelsi heldur en móður. Bretherton bendir í skýrslu sinni á að börn eru líklegri til að hafa samband við móður í fangelsi heldur en föður og einnig að stöðugleiki í lífi barnanna raskast fremur ef móðirin er í fangelsi (Bretherton, 2008, bls. 418). Það þarf því að taka tillit til þess hvort móðir eða faðir er í fangelsi þegar skoðuð eru samskipti milli barns og foreldris í fangelsi.

Reynsla leikskólakennara af vinnu með börnum fanga

Barnaverndarmál og börn fanga er án efa viðkvæmt umræðuefni sem ræða þarf með aðgát. Þegar tekin eru viðtöl, sem fjalla um einstaklinga, skal gæta fyllsta trúnaðar og því getur verið vandasamt að útfæra viðtölin á þann hátt að ekki megi rekja svör til einstaklinga. Það þarf því að skoða hvaða aðferð sé best að nota og fá viðmælendur, sem vita um hvað málið snýst og eru tilbúnir til að ræða eins viðkvæmt umræðuefni og börn fanga er. Í þessum kafla verður farið yfir þá aðferð sem notuð var, hvernig viðmælendur voru valdir og hvernig öflun gagna var háttað.

Aðferð

Notast var við eigindlega aðferð við öflun gagna til að athuga reynslu leikskólakennara af því að vinna með börnum fanga og viðhorf þeirra til þess hvernig best væri að styðja við börn í þessum aðstæðum. Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum inniheldur kafla frá Helgu Jónsdóttur, þar sem hún fjallar um viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð og óstöðluð einstaklingsviðtöl, sem er sú aðferð innan eigindlegra rannsókna sem hér er stuðst við. „Viðtölin felast í samræðum þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda sem ræðir á jafnréttisgrundvelli við viðmælanda. Þannig er umræðuefnið fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki” (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 73). McMillan segir að markmið eigindlegra rannsókna sé að skilja viðmælandann frá þeirra sjónarhorni. Eigindleg viðtöl eiga samkvæmt McMillan að stjórnast af viðmælandanum þó svo að rannsakandi sé með tilbúna spurningar. Hann eigi því frekar að grípa tækifærin þegar kostur er á að spyrja frekar en annars láta svör viðmælandans ráða viðtölinu (McMillan, 2008). Þess vegna er mikilvægt að spurningarnar séu ekki leiðandi og er gott að byrja viðtölin með opinni spurningu um viðfangsefnið en afmarka efnið þegar líður á viðtalið (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 74-77). Eðli og tilgangur spurninga í eigindlegum rannsóknum þarf að miðast við að viðfangsefnið sé opið og

eigi það til að þróast í gegnum viðtalið (McMillan, 2008, bls. 49). Helga talar um mikilvægi virkrar hlustunar í óstöðluðum viðtölum og segir hana forsendu þess að viðtöl verði árangursrík. Virk hlustun er sú færni að skilja viðmælanda, tilfinningar og tjáningu hans og jafnframt sýna hlýju og einlægni í skilningi sínum (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 75).

Viðmælendur

Þar sem viðfangsefnið er viðkvæmt, eins og áður segir, var vandasamt að finna viðmælendur fyrir ritgerðina en í eigindlegum rannsóknum eru viðmælendur valdir sérstaklega, þ.e. með tilliti til þess að þeir búi yfir reynslu og þekkingu á efninu (McMillan, 2008, bls. 119). Umræður um viðfangsefni ritgerðarinnar hjálpuðu þó til og fengust ábendingar um einstaklinga, sem hefðu þekkingu á efninu og gætu veitt aðstoð. Snjóboltaaðferðin var því notuð, en hún byggir á því að rannsakandi byrjar með ákveðna viðmælendur og biður þá um að tilnefna aðra sem gætu tekið þátt í rannsókninni og þannig gengur það koll af kolli (McMillan, 2008, bls. 121). Í þessu tilviki voru fengnar ábendingar um einstaklinga sem bentu síðan á aðra, sem gætu tekið þátt, og þannig fengust viðmælendur. Þar sem illa gekk að hafa uppi á leikskólakennurum, sem höfðu reynslu af að starfa með börnum fanga, var rætt við einn leikskólakennara, sem hafði starfað á leikskóla þar sem barn var aðstandandi fanga og annan leikskólakennara sem hafði starfað á leikskóla með barni fanga.

Ákveðið var að gefa viðmælendum nöfn til þess að greina þá að og verða þeir nefndir A og B. A stendur fyrir viðmælandann sem hafði starfað með barni sem var aðstandandi fanga og B fyrir viðmælandann sem hafði starfað með barni fanga. A hefur starfað á leikskóla í tólf ár og sem leikskólakennari síðan árið 2005. Sama ár tók A við deildarstjórn á tveggja deilda leikskóla þar sem hún starfar nú. B starfar einnig á tveggja deilda leikskóla og er leikskólastjóri þar. Auk þess var rætt við móður barna sem hafa átt föður í fangelsi og verður hún nefnd viðmælandi C.

Öflun og greining gagna

Útbúið var sérstakt skjal, sem var undirritað af höfundum og viðmælendum, til þess að gæta fyllsta trúnaðar. Viðmælendur A og B fengu afrit af skjalinu og fylgir afrit af því einnig í viðauka 1. Spurningarnar voru samdar í kjölfar þess að höfundur hafði aflað sér heimilda og lesið sér til um efnið. Upphaflega voru spurningarnar þó einungis miðaðar við það að viðmælendur hefðu reynt af því að hafa börn fanga á leikskólanum en eins og áður sagði þá hafði annar viðmælandinn haft barn sem var aðstandandi fanga og voru spurningarnar því lagfærðar í samræmi við það. Sjá má spurningarnar sem samdar voru og lagðar fyrir viðmælendur í viðauka 2.

Viðmælandi A fékk spurningarnar sendar í tölvupósti, þar sem erfitt reyndist að finna tímasetningu fyrir viðtal. Höfundur og viðmælandi A þekkjast hins vegar og höfðu því rætt um verkefnið áður en spurningarnar voru sendar. Samkvæmt svörum gekk viðmælanda vel að koma hugsunum sínum í skrifuð orð og fékk höfundur svörin fljótt send til baka. Í kjölfar þess að höfundur ritgerðarinnar hafði farið yfir svör frá viðmælanda töluðust þeir við símleiðis og fóru yfir svörin saman og bætti viðmælandi örlitlu innleggi við svör sín.

Viðtalið við viðmælanda B var ákveðið í kjölfar þess að höfundur heimsótti leikskólann til að kynna verkefnið og viðmælandi B hafði ákveðið að taka þátt. Komist var að samkomulagi um að viðtalið við B færi fram á leikskólanum og fór það fram á skrifstofu viðmælanda. Notast var við upptökutæki til þess að hljóðrita viðtalið og gekk það vel fyrir sig. Viðmælandi fékk að sjá spurningarnar áður en formlegt viðtal hófst og var því örlítið undirbúinn. Strax í fyrstu spurningu er spurt um hvaða reyntu viðmælandi hafi af börnum fanga og gefur hún að vissu leyti hugmynd um framhald viðtalsins. Höfundur spurði spurninga sem hann taldi að viðmælendur hefðu reynt af og spurði jafnóðum svo að gott flæði væri í samtalinu.

Einnig var tekið óformlegt viðtal við viðmælanda C, sem hefur reynslu af því að eiga bæði barnsföður og eiginmann, sem afplánuðu dóm meðan börn mannanna voru á leikskóla. Þær spurningar voru ekki fyrirfram ákveðnar en það haft að leiðarljósi að komast að því hvernig viðmóti móðirin mætti frá starfsfólki leikskólanna og hvað henni fannst betur mega fara. Viðtalið fór fram símleiðis og var móðirin tilbúin til að svara af bestu getu og var opinská um þetta málefni.

Í kjölfar viðtalanna voru þau skoðuð ítarlega og skráð niður. Þar sem svör allra viðmælanda eru persónuleg og byggja á reynslu er samanburður á þeim erfiður. Svör viðmælanda voru ólík, þar sem í ljós kom þegar viðtalið við viðmælanda B var tekið, að barnið, sem um ræddi, hafði ekki vitað að faðirinn sæti í fangelsi. Í tilviki viðmælanda A hafði barnið fulla vitneskju um að bróðir þess sæti í fangelsi og hafði heimsótt hann þar. Farið er yfir svör viðmælanda og þau metin í niðurstöðukafla hér á eftir. Svör viðmælandanna eru fyrst aðgreind og farið yfir hvors um sig og þar á eftir eru svör beggja tekin saman. Síðan er farið yfir umræðu frá viðmælanda C og að lokum eru svör allra þriggja viðmælanda dregin saman.

Niðurstöður

Með viðtölunum sem tekin voru, var fyrst og fremst leitað eftir reynslu leikskólakennara af vinnu með börnum fanga og hvernig sú reynsla væri. Það sem höfundur vildi helst ná fram, sem gæti reynst gagnlegt fyrir sig, aðra leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskóla, var hvernig bregðast má við umræðu barna um fangelsi innan veggja leikskólans og hvernig best sé að koma til móts við þau börn, sem búa við aðskilnað við foreldri vegna fangelsisvistunar. Það hefur komið fram að börn eiga rétt á að umgangast báða foreldra sína. Það má því telja heimsóknir barna til foreldra sinna í fangelsi virkan þátt til stuðnings fjölskyldutengsla þeirra barna. Líkt og kemur fram í þeim fræðum sem getið hefur verið um, er það barni til góðs

að vera í samskiptum við báða foreldra nema það brjóti á hagsmunum barnsins. Með lestri heimilda og viðtölum við leikskólakennarana og móðurina sannfærðist höfundur um að barn þarf að þekkja uppruna sinn og hafa vitneskju um hvar foreldrar þess eru. Hér á eftir verða viðtöl við viðmælendur rakin og varpað ljósi á hvað megi gera til að styðja við börn fanga.

Viðtal við B, starfsmann með barn fanga

Eins og áður hefur komið fram starfaði B á leikskóla þar sem barn fanga hafði verið. Það var eina tilvikið sem hún hafði vitneskju um á sínum leikskólaferli og átti barnið föður sem fór í fangelsi. Aðspurð hvernig reynslu B hafði af því að starfa með barni fanga sagði hún hana vera ágæta, en sorglega fyrir barnið og hitt foreldrið, en allt hafði samt sem áður gengið vel. Móðir barnsins tilkynnti leikskólastjóra að faðirinn hefði farið í fangelsi og sagði leikskólastjóri í kjölfarið öllu starfsfólki frá aðstæðum en jafnframt að barnið hefði ekki vitneskju um að faðirinn sæti inni. Eins og á öllum leikskólum er starfsfólk bundið trúnaði og var starfsfólkið sérstaklega minnt á þagnareiðinn í þessu tilviki. Þegar spurt var hvort hún hefði haft einhverjar sérstakar lausnir fyrir starfsfólkið svaraði hún að erfitt væri að segja til um það, þar sem barnið hefði ekki haft vitneskju um að faðirinn sæti inni. Spurt var um hvernig rætt hefði verið við barnið þegar umræður urðu um fjölskyldur og foreldri og svaraði B að það hefði verið undir móðurinni komið hvort barnið vissi að faðirinn sæti inni og því var það ekkert rætt neitt frekar. Móðirin hafði sagt barninu að faðirinn væri á ferðalagi. Aðspurð hvort B hefði getað ráðlagt starfsfólki sérstaklega í sambandi við þetta barn sagði hún að þetta mál hefði verið tekið fyrir á starfsmannafundi og var þá rætt um trúnaðinn, sem gildir ávallt, og var starfsfólki ráðlagt að sinna þessu barni vel og veita því hlýju og öryggi.

Því næst var spurt hvort B teldi að það væri almennt betra að börn hefðu vitneskju um það ef foreldri þess eða aðstandandi færi í fangelsi, Hún taldi svo ekki vera þegar um væri að ræða ung börn eins og í þessu tilviki, þar

sem barnið var fjögurra ára gamalt. Viðmælandi var síðan spurður hvort hún héldi að hér á landi væri grundvöllur fyrir svipuðum sumarbúðum og Bedford Hills fangelsið í New York heldur úti og svaraði hún því játandi. Að lokum var viðmælandi spurður hvort hún vildi koma einhverju á framfæri og sagði hún að það væri helst nauðsynlegt að barninu myndist það öruggt í leikskólaumhverfinu og að allir væru tilbúnir að mæta þörfum þess. Eins ef barnið hefði haft vitneskju um aðstæður og opnað umræðuna, þá hefðu þau tekið þátt í henni til þess að barnið væri ekki að þvinga eitthvað inni og fyndi að því sé velkomið að ræða þá hluti sem því eru hugleiknir.

Viðtal við A, starfsmann með aðstandanda fanga

Viðmælandi A svaraði sínum spurningum í tölvupósti og gat höfundur því ekki beitt virkri hlustun en eins og Helga Jónsdóttir segir er virk hlustun forsenda þess að viðtöl verði árangursrík. Viðmælandi átti því ef til vill erfiðara með að koma því sem hún vildi sagt hafa í orð og gæti það einnig hafa haft áhrif á svör hans. Svörin snerust þó um það sem höfundur leitaði eftir og verða þau rakin hér á eftir. Reynslan sem A hafði var önnur en B, en hún hafði haft barn á deild sinni á leikskólanum sem átti aðstandanda sem fór í fangelsi. Móðir barnsins tilkynnti henni sem deildarstjóra að hálfbróðir barnsins væri kominn í fangelsi og að barnið hefði farið að heimsækja hann. Öllu starfsfólki á deildinni var greint frá aðstæðum og eins og í tilviki B var starfsfólk minnt á þagnareiðinn. Þarna vissi barnið að bróðirinn sæti í fangelsi og því var starfsfólki ráðlagt að leyfa barninu að tjá sig um málið eins og það þyrfti. Barnið opnaði við og við umræður um fangelsi og önnur börn á deildinni voru hissa að heyra að barnið hefði farið í heimsókn í fangelsi. Í kjölfarið skapaðist mikil umræða um fangelsi og af hverju fólk færi almennt þangað. Barnið tilkynnti hinum börnunum að bróðirinn hefði verið að stela og A gætti þess að blanda sér ekki í umræðurnar nema til þess að taka undir að það væri rangt að stela og fólk gæti endað í fangelsi ef til þess kæmi. Starfsfólki var semsagt ráðlagt að leyfa barninu að tjá sig eins mikið og það þyrfti, en gæta þess að koma aldrei umræðum af stað að

fyrri bragði og spyrja barnið alls ekki út í fangelsi. Umræðan átti einungis að eiga sér stað ef barnið hefði frumkvæði að henni.

Aðspurð um hvort A hefði þótt óþægilegt að ræða fangelsisvistina svaraði hún, að henni hefði ekki þótt það og taldi það helst stafa af því að hún gætti þess að leyfa barninu að tala og reyndi einungis að svara því sem hún gat ef umræður beindust að henni.

A var þeirrar skoðunar að það væri almennt betra fyrir börn að hafa vitneskju um það að aðstandandi væri í fangelsi og þá sérstaklega ef hann væri foreldri. Hún taldi það vera betra vegna þess að Ísland er lítið samfélag og fréttir spyrjast fljótt út og því væri betra fyrir barnið að hafa heyrt af fangelsisvist aðstandanda frá sínum nánustu en annars staðar frá.

Að lokum var A einnig spurð hvort hún teldi vera grundvöll fyrir sambærilegum sumarbúðum og í New York hér á Íslandi og taldi hún svo vera. A talaði um Fangelsið Bitru, en það er í dag fangelsi fyrir karlmenn, þar sem þeir sjá sjálfir um að elda, þvo þvott og fleira. A talaði um að eitthvað sambærilegt Fangelsinu að Bitru fyrir mæður gæti verið gott, þar sem mæðurnar myndu sjá um heimilið og hafa börn sín hjá sér. Það gæti reynst gott fyrir margar mæður og stuðlað að betra framhaldi.

Samantekt viðtalanna

Þar sem reynsla viðmælendanna tveggja er ólík, er að vissu leyti fátt hægt að bera saman. Báðir viðmælendur lögðu áherslu á þagnarskylduna sem ríkir á leikskólum og tryggðu að allt starfsfólk væri meðvitað um aðstæður. Reynsla beggja viðmælendanna er góð en að sama skapi ólík. Annars vegar er barn, sem er meðvitað um fangelsisvistun aðstandanda, og hins vegar barn, sem hefur orðið fyrir aðskilnaði við foreldri en hefur ekki vitneskju um hvers vegna. Báðir viðmælendur eru sammála um að börn þurfi að fá að tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta. Viðmælandi A gætti þess að barnið

fengi að tjá sig að vild og B minntist á nauðsyn þess, að börn sem hafi vitneskju um aðstæður og vilji tjá sigmæti opinni umræðu. Báðir viðmælendur gættu þess að viðmót gagnvart foreldri væru óbreytt og að foreldrar fyndu frekar fyrir stuðningi og að barninu væri veitt umhyggja á leikskólanum. Viðmælendum greindi á um hvort betra væri að börn hefðu vitneskju um að foreldri eða aðstandandi sæti í fangelsi. A vildi að börn fengju að heyra það frá sínum nánustu en B taldi að börn á leikskólaaldri væru of ung til þess að vera sagt frá slíkum aðstæðum.

Vangaveltur frá móður

Móðirin, eða viðmælandi C, hafði tvær reynslusögur að segja varðandi það að eiga maka í fangelsi og verður farið lítillega yfir þær, hvora í sínu lagi. Fyrri reynslan var af maka og barnsföður sem fór í fangelsi. C á tvö börn með manninum og bjuggu þau saman þegar hann fór í fangelsi. Þar sem óregla hafði verið á makanum voru börnin ekki fullkomlega meðvituð um að faðirinn væri í afplánun en C fannst erfitt að útskýra fyrir börnunum að faðir þeirra sæti í fangelsi og sagði þeim því að hann væri á sjúkrahúsi. C fannst hún aldrei fullkomlega geta treyst starfsfólki leikskólans, sem börnin sóttu, og var það ein ástæða þess að hún treysti sér ekki til að tilkynna starfsfólki leikskólans að faðirinn væri í fangelsi. Henni þótti viðmót starfsfólksins fráhrindandi en einnig var hún meðvituð um að hún skammaðist sín og var það önnur ástæða þess að hún tilkynnti ekki fangelsisvistunina. C fór í eitt skipti með börnin að heimsækja föður þeirra og þá áttaði eldra barnið sig á því að starfsmennirnir á sjúkrahúsinu voru í lögreglufötum, en var þó ekki brugðið og gerði sér ekki grein fyrir að umræddur staður væri fangelsi.

C sleit seinna samvistum við föður barnanna og kom síðar annar maður inn í líf þeirra, sem börnin kalla pabba í dag, og verður hann kallaður stjúpfaðir hér eftir. Eftir að stjúpfaðirinn hafði verið í lífi barnanna í meira en ár þurfti hann að afplána gamlan dóm og fór því í fangelsi í stuttan tíma. C sagði

börnunum í þetta skiptið ekki heldur frá því að stjúpfaðirinn væri í fangelsi. Börnin voru þá komin á nýjan leikskóla og sagði C leikskólastjóranum að stjúpfaðir barnanna væri að afplána dóm á Vernd og lét leikskólastjóri deildarstjóra barnanna vita. Um leið og stjúpfaðirinn losnaði tilkynnti C deildarstjórum barnanna það og gekk allt vel í kjölfarið.

C fannst erfitt í fyrstu að ætla að segja frá því að stjúpfaðirinn sæti í fangelsi en viðmót leikskólastjórans breytti viðhorfi hennar og treysti hún sér í kjölfarið til að ræða um aðstæður sem þessar við starfsfólk leikskólans almennt. Hún sagði frá því að börnin vissu ekki af því að stjúpfaðirinn sæti í fangelsi og því var ekki rætt um það á leikskólanum líkt og í tilviki viðmælanda B.

C var ekki viss um hvort hún myndi segja börnum á leikskólaaldri frá aðstæðum sem þessum en taldi þó að það færi einnig eftir þroska barnsins. Hún sagði viðmót starfsfólks leikskólanna hafa skipt miklu máli í tengslum við það hvort hún treysti sér til að ræða fjölskylduhagi.

Umræða og samantekt

Það sem helst var einblínt á að komast að með viðtölunum var hvernig reynsla leikskólakennaranna var af því að hafa börn fanga innan barnahópsins og hvað sé hægt að gera til að koma til móts við þau börn. Lagt var upp með að viðtölin yrðu tekin við faglærðan starfsmann leikskóla þar sem barn, sem væri meðvitað um fangelsun foreldris, hefði verið til staðar. Eins og hefur komið fram var í öðru tilvikinu um að ræða barn sem var aðstandandi fanga og í hinu tilvikinu hafði barnið ekki vitneskju um fangelsun foreldris. Þrátt fyrir að ætlunarverkið hafi þar með ekki gengið eftir áætlun komu ýmsar athugasemdir í ljós, sem vert er að skoða. Það sem virðist gegnumgangandi í viðtölunum tveimur, og einnig í umræðu móðurinnar, er hversu mikilvægt það sé að viðmót starfsfólks leikskóla við foreldra og börn sé gott. Það ýtir undir traust milli allra aðila og væri því oft hægt að vinna betur að málefnum barnanna ef traust skapast milli foreldra

og starfsmanna. Það sem viðmælendur A og B minntust báðir á að væri mikilvægt að gera var að tryggja að barnið fyndi umhyggju og hlýju frá starfsfólki leikskólans og reyna þannig að vega upp á móti því sem barninu skortir annars staðar frá. Sjónarmið viðmælendanna samræmist því fyrirmælum Aðalnámskrár en þar kemur fram að barn þurfi að finna að það sé velkomið á hverjum degi því það geti haft áhrif á líðan barnsins (Aðalnámskrá Leikskóla, 1999, bls. 18).

Í Aðalnámskrá segir einnig:

„...leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla.“ Strax á eftir segir síðan: „Leikskólastjóra ber skylda til, samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla, að stuðla að samstarfi heimilis og leikskóla“ (Aðalnámskrá Leikskóla, 1999, bls. 30).

Sjónarmið viðmælendanna eru því fagleg og má hugsa sér að draga af þeim þá ályktun að áhersla sé lögð á að börn og foreldrar finni hlýju og jákvætt viðmót á leikskólum og að foreldrar og börn mæti ekki fordómum. Miðað við hvernig gekk að finna viðmælendur má segja að reynsla leikskólakennara af vinnu með börnum fanga sé ekki mikil. Ekki er þó hægt að alhæfa um það að á öllum leikskólum sé áhersla lögð á jákvætt viðmót og hlýju þar sem einungis tveir leikskólar voru innan úrtaksins og verkefnið miðaði ekki að heildarúttekt á efninu. Þar sem það segir í Aðalnámskrá að það eigi að fara eftir þeim vinnubrögðum sem nefnd eru hér að ofan, má draga ályktun um það að flestir leikskólar geri það.

Báðir viðmælendurnir eru reynslumiklir leikskólakennarar og gæti það einnig hafa haft áhrif á niðurstöðurnar. Reynsluminni leikskólakennarar hefðu ef til vill átt erfiðara með að leiðbeina öðru starfsfólki í sambandi við umræður um fangelsi. Þrátt fyrir að hlutfallslega fá leikskólabörn eigi foreldri í fangelsi þyrftu að vera til frekari úrræði. Það er því eitthvað sem mætti skoða og kynna sér betur. Þar má til dæmis horfa til greinar Enroos þar sem mæður fá að hafa börnin sín hjá sér á sérstökum

fjölskyldugöngum. Þar er einnig gott fordæmi þar sem stofnunin eða fangelsið kynnir sér fjölskyldu fangans og mætti taka til athugunar hér á landi. Til dæmis væri hægt að koma á samvinnu milli Fangelsismálastofnunar og Leikskólasviða/s Sveitarfélaga Íslands, þar sem skráð væri við komu fanga hvort hann eigi börn á leikskólaldri og auka í framhaldinu stuðning í leikskólum. Eins og niðurstöðurnar sýna að vissu leyti getur það verið foreldrum erfitt að tilkynna leikskólum fangelsisvist aðstandanda, sem gerir því erfiðara um vik að auka stuðning við þau börn sem þurfa á því að halda. Málefni sem þetta er hins vegar viðkvæmt, eins og hefur komið fram, og ekki hægt að ætla sér að styðja við viðkomandi börn án vitneskju foreldra þeirra. Það þarf einnig að taka tillit til þess hvort börnin viti um fangelsisvist foreldranna. Viðmælendum A og B greindi á um hvort að betra væri fyrir börn að vita af því ef foreldri fer í fangelsi og C sagði börnum sínum ekki frá því. C sagðist þó að í dag myndi hún ef til vill reyna sitt besta til að skýra út fyrir barni, ef upp kæmu sömu aðstæður. Í flestum aðstæðum þyrfti því að taka tillit til aldurs barns og þroska og eins og áður hefur komið fram er það í öllum tilvikum undir foreldrum barnsins komið hvort þeir kjósi að barnið sé meðvitað um hvort foreldri afpláni dóm. Það mætti því segja að vitneskja barns um fangelsisvistun sé forsenda fyrir hvers kyns úrræðum því ljóst er, að erfitt er að bregðast við vanda sem barn veit ekki að er til staðar. Hugmynd viðmælanda A um Bitru fangelsi samræmist að vissu leyti sumarbúðunum sem Bretherton fjallar um. Þá mætti einnig taka tillit til þess sem Christiansen skrifar þar sem unglingar og börn voru spurð hvað mætti gera til að heimsóknir yrðu fjölskylduvænlegri og fá álit þeirra ungmenna sem fara reglulega í heimsóknir í fangelsin. Þar sem einungis var farið yfir heimsóknaraðstöðuna að Litla-Hrauni væri fróðlegt að gera úttekt á öðrum fangelsum landsins og kynnast hvernig heimsóknaraðstöður eru þar og hvað megi betur fara.

Lokaorð

Þegar sú hugmynd kom upp að skrifa um börn fanga og finna efni til að tengja við leikskólann varð ég strax mjög upptekin af þeirri hugmynd. Það gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig að fá leiðbeinanda, sem treysti sér í það að leiðbeina mér um þetta efni, en það hafðist þó að lokum. Áður en lagt var upp í verkefnavinnuna taldi ég að erfitt yrði að ákveða hvað skyldi skoða þar sem lítið sem ekkert hefur verið skrifað um þennan málaflokk á Íslandi. Eftir að erlendar heimildir voru skoðaðar jókst áhuginn á verkefninu enn meir og sá ég hversu þarft er að opna umræður um slík efni í leikskólum hér á landi. Þó svo að það hafi gengið illa að fá viðmælendur tel ég að með því að nota snjóboltaaðferðina við að finna viðmælendur hafi umræðan opnast örlítið. Allir þeir sem rætt var við um verkefnið sýndu því mikinn áhuga og töldu þarft að hlúa að aðstandendum fanga jafnt og föngunum sjálfum. Þar sem einungis var skoðuð heimsóknaraðstaðan að Litla-Hrauni í þessari ritgerð gæti verið áhugavert að gera frekari úttekt á hinum fangelsum landsins, með það að markmiði að útbúa fjölskylduvænar heimsóknaraðstöður. Þegar litið er yfir þann tíma sem unnið var að þessari ritgerð er mér helst í huga hvað ég vanmat tíma minn og hversu mikil vinna getur legið að baki heimildaöflun og öllu því sem virðist svo smátt í upphafi. Þrátt fyrir það þykir mér ritgerðin hafa verið vel þess virði og hefur sá tími verið skemmtilegur og gefandi. Gaman væri að vinna nánar að verkefni sem þessu í framtíðinni því það er ljóst að þetta er málefni sem þarft er að athuga og þyrfti að rannsaka frekar.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðgát. (e.d.) *Upphaf aðgátar.* Sótt 6. mars 2011 á <http://www.adgat.net/umadgat.php>

Barnalög nr. 76/2003.

Bretherton, Inge (2010). Parental Incarceration: The challenges for attachment researchers. Í Howard Steele (ritstjóri), *Attachment & human development.* 12, 417-428. New York: Routledge.

Brynja Rós Bjarnadóttir (2007). Fjölskyldur í fjötrum fordóma. *Verndarblaðið.* 38, 10-11.

Cassidy, J., Poehlmann, J. og Shlafer, P. R. (2010). An attachment perspective on incarcerated parents and their children. Í Howard Steele (ritstjóri), *Attachment and human development.* 12 (285-288). New York: Routledge.

Christensen, E. (1999). *Forældre í fængsel, en undersøgelse af børns og forældres erfaringer.* Kaupmannahöfn: Socialforskningsinstituttet.

Enroos, R. (2011), Mothers in prison: between the public institution and private family relations. *Child & Family Social Work.* 16 (12–21). Tampere: University of Tampere.

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Heimsóknir.* Sótt 26. mars 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangavist/heimsoknir/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsið Litla-Hrauni.* Sótt 26. mars 2011 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni/>

Grøftehaug, M. (2004). *Fangebørn.* Århus: CDR-Forlag.

Guðrún Kristinsdóttir. (2005). Hvernig var í skólanum? Reynsla fósturbarna af skólagöngu. *Glæður.* 1, 26-32.

Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (67–83). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (2008). Reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg. Sótt 8. mars 2011 af <http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/reglur vegna uthlutunar.pdf>)

Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

McMillan, J. H. (2008). *Educational research. Fundamentals for the consumer.* Boston: Pearsons/Allyn and Bacon.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Shlafer, R. J. og Poehlmann, J. (2010). Attachment and caregiving relationships in families affected by parental incarceration. Í Howard Steele (ritstjóri), *Attachment and human development.* 12(319-415). New York: Routledge.

Viðauki 1

Reykjavík /30. mars, 2011.

Sæl

Ég er að vinna að lokaverkefniinu Börn fanga og tengsl við leikskólann, í grunnnámi mínu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, undir leiðsögn Guðrúnar Kristinsdóttur, prófessors við uppeldis- og menntunarfræðideild.

Ég hef áhuga á að fá sjónarmið leikskólakennara/leikskólastjóra sem hefur starfað með börnum fanga, um hvað sé hægt að gera til þess að koma til móts við þau börn og frásögn af reynslunni af því að starfa með börnum fanga.

Ég óska eftir að fá að ræða við deildarstjóra eða leikskólastjóra sem hefur reynslu af því að starfa með börn fanga innan barnahópsins og bera fram nokkrar spurningar sem lúta að því að hafa haft barn fanga innan barnahópsins.

Fyllstu virðingar og trúnaðar verður gætt og fylgt verður reglum Persónuverndar við varðveislu og meðferð gagna, sem verður eytt að rannsókn lokinni. Ef nöfn koma upp í samtalinu verða þau ekki notuð og nafni leikskólans og viðmælanda verður breytt svo ekki megi rekja það.

Ég vona að þér finnist verkefni mitt mikilvægt og að þú sjáir þér fært að hafa samstarf við mig um verkefnið.

Þér er velkomið að hafa samband við leiðbeinanda minn og fá nánari upplýsingar í síma er 525 5365 eða senda póst á netfangið gkristd@hi.is

Með góðri kveðju,

Helga Þórey Rúnarsdóttir

Sími: 8675924

Netfang: hthr1@hi.is

Háteigsvegur 31, 105 Reykjavík.

Viðauki 2

- Hver er reynsla þín af börnum sem eiga fanga sem aðstandanda?
 - Hvernig fékkstu upplýsingar um að foreldri/aðstandandi barnsins sæti inni?
 - Voru viðmót þitt og viðbrögð þín gagnvart fjölskyldunni og barninu á einhvern hátt breytt eftir að þú komst að fangelsisvist foreldrisins?
 - Var öllu starfsfólki gerð grein fyrir aðstæðum?
 - Voru einhverjar sérstakar lausnir lagðar fram fyrir starfsfólk um það hvernig væri best að koma fram við barnið í sambandi við umræður um foreldra og fjölskyldur?
 - Fannst þér erfitt að ræða við barnið um fangelsisvist foreldris /aðstandanda þess?
 - Hvernig gastu ráðlagt öðru starfsfólki, t.d. ófaglærðum?
- Telurðu að það sé almennt betra fyrir barnið að hafa vitneskju um að foreldri/aðstandandi sé í fangelsi?
- Til eru dæmi um það erlendis, að mæður í fangelsum fái að fara í svokallaðar sumarþúfir með börnum sínum, sem eru þá á vegum fangelsisins. Myndirðu halda að það væri grundvöllur fyrir slíkri starfsemi eða sambærilegri hér á landi?
- E-ð sem þú vilt koma á framfæri?